

Áskoranir og sóknarfæri á norðurslóðum

Eftir Össur Skarphéðinsson

Ég tók fyrir skömmu þátt í fundi sem Samtök atvinnulífsins, Íslandsstofa og utanríkisráðuneytið héldu um áskoranir og sóknarfæri á norðurslóðum. Á fundinum lýsti ég þeirri skoðun minni, að mestu tækifæri Íslendinga í framtíðinni tengdust norðurslóðum. Gildir þá einu, hvort horft er til kolvetnisvinnslu, þjónustu við rannsóknir annarra þjóða utan efnahagslögsögu okkar, siglinga, fiskveiða á svæðum sem munu opnast langt í norður, ferðabjónustu og verklegra framkvæmda. Áhuginn á efnum birtist í því að húsfullir var á fundinum. Íslensk fyrirtækji skilja augljóslega hversu gríðarleg tækifæri geta tengst auknum umsvifum á norðurslóðum. Við þurfum að halda vöku okkar til að geta nýtt þau, og ekki síður vera á varðbergi gagnvart hættum sem því kunna að fylgja.

I norðurslóðastefnunni, sem ég lagði fyrir Alþingi og samþykkt var í mars í fyrra, eru stjórnvöld og atvinnulífið brýnd til að tryggja að hagsmunir Íslands og tækifæri, m.a. á svíði viðskipta, fari ekki forgörðum í tengslum við fyrirþjánalega þróun í málefnum norðurslóðanna. Ég hef skilgreint þau sem forgangsbjátt í utanríkisstefnunni. Eg hef jafnframt beitt utanríkisþjónustunni til að búi í haginn fyrir þessi framtíðarfæri, og jafnframt til að mæta þeim áskorunum sem kunna að fylgja.

Góður undirbúningur

Pegar fámennt ríki eins og Ísland með miklan auðlindir og viðfeðm haf- og landsvæði nestar sig fyrir nýja framtíð á norðurslóðum skiptir öflug alþjóðasamvinna skópum. Við vitum að nýtingu þeirra fylgir áhætta, og þurfum að slá í gadla að forvarnir og viðbrögð við mengun og slysum séu fullnægjandi. Pannig verjum við okkar eigin öryggishagsmuni. En um leið er líka dregið úr áhættu fyrir fjárfesta og atvinnulífið.

Innan Alþjóðasiglingamálstofnunarinnar hefur Ísland beitt sér fyrir raunhæfum en strangari viðmiðum fyrir skip sem sigla um ísí-



Óssur Skarphéðinsson

lögð svæði. Innan Norðurskautsráðsins hefur á skömmum tíma verið lokið við tvo bindandi alþjóðasamninga, annars vegar um leit og björgun og hins vegar samning um samteinlegt viðbragð norðurskautsréjkjanna vegna ólumengunar. Sá síðari verður formlega undirritadur næsta vor. Pað

var ánægjulegt og undirstrikar bæði frumkvæði og áherslu íslenskra stjórnvalda að báðum samningum var lokið í Reykjavík. Við Íslendingar höfum þannig í nánu samstarfi við nágrannajóðirnar unnið í haginn fyrir áskoranir framtíðarinnar en að sama skapi þurfum við líka að eiga þétt samstarf við aðrar þjóðir norðursins til að geta nýtt með skynsamlegum og varkárum hætti þau tækifæri sem gætu verið í boði ef rétt er um árar haldið. Par skiptir árvekni stjórnvalda og atvinnulífs höfuðmáli.

Sóknarfæri fyrir atvinnulífið

Sterk staða Íslands varðandi sóknarfærin á norðurslóðum hvílir á legu landsins, nálægð við auðlindir, sterkum innviðum og síðast en ekki síst bekkingu og færni íslenskra fyrirtækja.

Fyrir mér er það augljóst að lega landsins gagnvart auðlindum og siglingaleiðum er krækja í fjölbreytta hafsekna starfsemi. Fjölmörg bein og óbein sóknarfæri munu skapast í tengslum við leit og vinnslu á olíu, gasi og steinefnum innan auðlindaþrífyrningsins norður af Íslandi, sem markast af Austur-Grænlandi, Íslandi og Jan Mayen. Pessi þríhyrningur verður í framtíðinni þungamiðjan í tækifærum Íslendinga. Innan hans verður á næstu átta til tíu árum hafist handa við tilraunaboranir og hugsanlega vinnslu. Að auki er líklegt að hér á landi skapist mikillvæg, vel launuð störf í tengslum við þjónustu og mannvirkjagerð vegna vinnslu jarðefna við suður-odda og austurströnd Grænlands.

Pað liggur líka fyrir að skipaumferð mun enn aukast í tengslum við fyrirnefnda auðlindanýtingu og siglingar bæði skemmtiferðaskipa og skipa sem sigla með hráefni og vorur um Norður-Íshafið. Sterk

» Sterk staða Íslands varðandi sóknarfærin á norðurslóðum hvílir á legu landsins, nálægð við auðlindir, sterkum innviðum og síðast en ekki síst bekkingu og færni íslenskra fyrirtækja.

staða Íslands í þessu samhengi hefur ekki farið framhjá fulltrúum annarra ríkja og fyrirtækja sem hafa sýnt vaxandi áhuga á fjárfestingum hér á landi, m.a. evrópsk og asísk stórfyrirtæki. Íslensk fyrirtæki og stofnanir, þ. a. m. hafnarsamlögg, verktaka- og tæknifyrirtæki, ferðajónustan, flugfélög, mennta- og rannsóknastofnanir munu njóta góðs af þessari brúun.

Landfræðileg staða og auðlindir gefa okkur vissulega forskot en langtímahagsæld byggist á bekkingu og mannauði sem getur, ef rétt er á haldið, orðið til í tengslum við þessi umsvif. Við sjáum nú begar lýsandi dæmi um nýtingu á íslenskum mannauði í tengslum við framkvæmdir vegna mannvirkja og orkuvera á Grænlandi. Hægt væri að telja til fjölmörg önnur dæmi, t.d. úr ferða- og flugþjónustu, sjávarútvegi og orkumálum. Flest þessara tækifæra hafa orðið til í tengslum við verkefni á heimslöð og þá oft í samvinnu við erlenda aðila sem síðan hefur skapað mannvít og sóknarfæri fyrir íslensk fyrirtæki erlendis. Utanríkisráðuneytið, Viðskiptaráð og Íslandsstofa hafa lyft Grettistaki við að efla viðskiptatengslum við örnum ríki, ekki sist nágrannalöndin á norðurslóðum, þ.m.t. Færejaryg og Grænland. Ég hef talað fyrir því að sett verði á laggirnar viðskiptaráð norðurslóða þar sem fulltrúar úr atvinnulífi norðurskautsréjkjanna, auk annarra sem kunna að hafa áhuga á fjárfestingum og verkefnum á svæðinu geti komið saman, myndað viðskiptasambönd og miðlað af reynslu sinni. Slík samvinnan styrkir samkeppnisstöðu svæðisins í alþjóðlegu samhengi og treystir langtímahagsæld til handa þóum norðurslóða.

Höfundur er utanríkisviðskiptarádherra.